



Göngum í skólann 2011

Miðvikudaginn 7. september kl. 10.00 verður Göngum í skólann sett í Síðuskóla á Akureyri.

Í ár tekur Ísland þátt í fimmta skipti í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. Verkefnið hófst í Bretlandi árið 2000 og hefur þátttaka stöðugt farið vaxandi. Hér á landi stefnir í metþátttöku. Á alþjóðavísu er Göngum í skólann mánuðurinn í október og Alþjóðlegi Göngum í skólann dagurinn er 6. október. Göngum í skólann verkefnið fer fram hér á Íslandi í septembermánuði og því lýkur á Alþjóðlega Göngum í skólann deginum þann 5. október.

Meginmarkmið Göngum í skólann eru að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að **ganga, hjóla** eða fara á annan virkan hátt **til og frá skóla**. Um leið er ætlunin að: **Hvetja til aukinnar hreyfingar** með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Kenna reglur um **öryggi á göngu og á hjóli**. **Draga úr umferð við skóla**: Draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Betra og hreinna loft ásamt öruggari og friðsælli götum og hverfi. **Stuðla að vitundarvakningu um ferðamáta og umhverfismál**: Hversu „gönguvænt“ umhverfið er og hvar úrbóta er þörf. Samfélagsvitund eykst. **Hvetja til heilbrigðs lífsstíls** fyrir alla fjölskylduna: Hreyfing vinnur gegn hjartasjúkdómum, offitu og sykursýki II og stuðlar að streitulosun, betri sjálfsmynd, o.fl.

Þeir sem að verkefninu standa hérlandis eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Landlækniseimbættið, Ríkislögreglustjóri, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umferðastofa og Landssamtökin Heimili og skóli.

Nánari upplýsingar um verkefnið gefur Örvar Ólafsson verkefnastjóra hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands með tölvupósti orvar@isi.is eða í s. 514-4000. Heimasíða verkefnisins er www.gongumiskolann.is.

Samstarfsaðilar



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

